



SÝSLUMENN

Umsókn um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota

VIÐTAKANDI:

Bótanefnd vegna þolenda afbrota
Gránugötu 4-6
580 Siglufirði

- UMSÓKNIN ÞARF AÐ BERAST BÓTANEFND INNAN TVEGGJA ÁRA FRÁ ÞVÍ BROT VAR FRAMIÐ -

Umsækjandi:			
Nafn:	Kennitala:	Netfang:	
Lögheimili/dvalarstaður:	Póstnúmer og staður:	Sími/símar:	
Nafn lögráðamanns ef umsækjandi er ólögráða (yngri en 18 ára):	Kennitala:		

- Brot þarf að hafa verið kært til lögreglu. Mikilvægt er að kæra brotið án tafar.
- Krafa um skaðabætur á hendur þeim sem framdi brotið þarf að hafa verið lögð fram hjá lögreglu.
- Aðallega er um að ræða greiðslu á bótum vegna ofbeldisbrota.
- Mögulegt er eftir atvikum að fá greiddar bætur þótt brotið sé óupplýst eða refsing fyrnd.
- Bætur verða ekki greiddar nema höfuðstóll þeirra nemi að lágmarki. kr. 400.000
- Bætur geta mest orðið
 - kr. 5.000.000 fyrir líkamstjón (kr. 2.500.000 ef brot var framið fyrir 26. júní 2012)
 - kr. 3.000.000 í miskabætur (kr. 600.000 ef brot var framið fyrir 26. júní 2012)
 - kr. 250.000 fyrir munatjón

Nánari upplýsingar eru veittar hjá bótanefnd, í síma 458-2600. Unnt er að óska eftir frekari upplýsingum með tölvupósti. Fyrirspurnir skulu sendar á netfangið: halldor@systlumenn.is eða: botanefnd@systlumenn.is

Staðfesting á móttöku verður send í bréfaþósti, auk þess sem óskað verður eftir nánari gögnum eftir því sem þurfa þykir. Ef krafan er byggð á dómsniðurstöðu þarf að leggja fram endurrit dómsins sem fæst hjá viðkomandi dómstól án endurgjalds. Það getur verið nægilegt að leggja fram afrit af bótakröfunni til lögreglunnar ef mál hefur ekki farið fyrir dóm, eða til að rjúfa tveggja ára frestinn sem getið er um að framan.

<input type="checkbox"/> Meðfylgjandi er afrit af bótakröfu til lögreglu	<input type="checkbox"/> Meðfylgjandi er afrit dóms
--	---

Staður og dagsetning:	Undirritun:
-----------------------	-------------

Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota

- Vinsamlega kynnið yður þetta -

Íslenska ríkið greiðir skaðabætur til þolenda til þolenda afbrota á grundvelli laga nr. 69/1995. Bætur eru greiddar vegna ofbeldisbrota og ná til líkamstjóns og miska en t.d. ekki til eignaspjalla og auðgunarbrota. Meginreglan er sú að brotið þurfi að hafa verið framið innan íslenska ríkisins. Sækja þarf sérstaklega um greiðslu bótanna til bótanefndar. Lögreglu er skylt að leiðbeina þolanda afbrots um rétt hans til bóta.

Skilyrði fyrir greiðslu bóta eru:

- ✓ að tjónið megi rekja til brots á almennum hegningarlögum,
- ✓ að brotið hafi verið kært til lögreglu án ástæðulauss dráttar
- ✓ að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi hins kærða
- ✓ að umsókn berist innan tveggja ára frá því brot var framið, en frá því geta þó verið undantekningar, einkum með tilliti til aldurs brotaþola þegar brotið var framið

Heimilt er að greiða bætur þótt tjónvaldur sé óþekktur eða ósakhæfur eða dvalarstaður hans sé ókunnur. Gilda þá sömu reglur að öðru leyti.

Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt getur það valdið synjun bótagreiðslu.

Það sem hægt er að fá bætt er:

- ✓ sjúkrakostnað
- ✓ þjáningu (þjáningabætur). Yfirleitt aðeins á meðan tjónþoli er óvinnufær samkvæmt læknisvottorði
- ✓ tekjutap
- ✓ miska (samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993). Algengustu bætur í sakamállum
- ✓ varanlegan miska (samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga)
- ✓ varanlega örorku (samkvæmt 5. gr. – 8. gr. skaðabótalaga)
- ✓ fatnað og persónulega muni sem tapast eða eyðileggjast vegna líkamsárásar
- ✓ kostnað af starfi lögmanns við að halda frammi bótakröfu. Almennt er þó gert ráð fyrir að tjónþoli geti sjálfur annast umsókn sína

Málaflokkurinn er á sviði Innanríkisráðuneytisins og bótanefnd annast umsýslu hans og tekur ákvörðun um greiðslu bóta. Ekki þarf að liggja fyrir dómur í máli til að unnt sé að senda umsókn til nefndarinnar. Til að rjúfa tveggja ára tímafrestinn er mikilvægt að senda sem fyrst inn umsókn eða tilkynningu um að umsækjandi hafi orðið fyrir refsiverðum verknaði. Alltaf er hægt að senda ítarlegri gögn síðar.

Umsókninni skal fylgja sundurliðuð og rökstudd bótakrafa, auk annarra gagna til stuðnings henni. Gögn sem geta skipt máli eru:

- ✓ afrit af lögregluskýrslum eða öðrum rannsóknargögnum
- ✓ bréf lögreglunnar um að málið hafi það verið fellt niður eftir rannsókn, ef sú staða er uppi
- ✓ læknisfræðileg gögn eins og áverkavottorð
- ✓ reikningar fyrir útlögðum kostnaði
- ✓ vottorð vinnuveitanda vegna tapaðra launa
- ✓ endurrit af dómi

Skrifstofa bótanefndar er hjá sýslumannsembættinu á Norðurlandi eystra, nánar tiltekið á skrifstofunni á Siglufirði og síminn er 458 2600. Netfangið er: halldor@syslumenn.is, eða botanefnd@syslumenn.is. Sjá nánar á vef sýslumanna: www.syslumenn.is